



Fundargerð

429. fundur sveitarstjórnar Reykólahrepps,
Þirðjudaginn 13. nóv. 2018 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Árný Huld Haraldsdóttir varaoddviti (ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. **428. fundur sveitarstjórnar Reykólahrepps haldinn 9. október 2018:**
Oddviti fór yfir fundargerðina. *Fundargerðin samþykkt samhljóða.*
2. **Stjórn Barmahlíðar 31. okt. 2018:**
Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina. *Hún samþykkt samhljóða.*
3. **Skipulags-, húsnaðis - og hafnarnefnd 5. nóv. 2018.**

Vegna 2. lið samþykkir sveitarstjórn að láta gera valkostaskýrslu vegna Vestfjarðarvegar (60) í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar. Sveitarstjóra falið að finna aðila sem er tilbúinn að vinna slíka skýrslu svo fljótt sem verða má.

Vegna 3. liðar samþykkir Sveitarstjórn Reykólahrepps að auglýsa til kynningar og umsagnar tillögu að verndarsvæði í byggð fyrir þorpið í Flatey ásamt greinargerð með þeim hætti sem lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð gera ráð fyrir. Gefinn verður sex vikna athugasemdafrestur. *Samþykkt samhljóða.*
Fund með Framfarafélagi Flateyjar sátu JÖE og TH.

Vegna 4. liðar samþykkir sveitarstjórn að úthluta *Bergþóri O. Thorsteinsyni lóðina Hellisbraut 40 og Emblu Dögg Bachmann og Styrmí Gíslasyni lóðina Reykjabraut 6.* að uppfylltum gildandi skilyrðum.
Embla Dögg vék af fundi undir þessum lið.
Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

4. **Mennta- og menningarmálnefnd 7. nóv. 2018:**
Formaður fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir 1. lið. varðandi skólastjóra.

Vegna 4. liðar staðfestir sveitarstjórn framkomnar hugmyndir og tillögur um starf tómstundafulltrúa. Nánari útfærsla verður unninn í tengslum við fjárhagsáætlun næsta árs. Samþykkt að auglýsa starf tómstundafulltrúa.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

5. Bs Vest 13. sept. og 5. nóv. 2018:
Lagðar fram.
6. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða 26. okt. 2018:
Lögð fram.

Mál til afgreiðslu.

7. **Sameining slökkviliða:** Rætt um málefni slökkviliðsins og hugsanlega samvinnu við nágrannasveitarfélög í formi byggðasamlags. Sveitarstjórn tekur vel í framkomnar hugmyndir og felur sveitarstjóra að vinna áfram að málinu.
8. **Áskorun vegna leikskólalóðar:** Lögð fram áskorun frá 26 aðilum varðandi endurbætur og lagfæringar á leikvellinum. *Sveitarstjórn tekur vel í erindið og vísar því til gerðar fjárhagsáætlunar.*
9. **Verkefnið ÚR VÖR:** Lagt fram til kynningar.
10. **Styrkur vegna WiFi4EU:** Sveitarstjóra falið að sækja um styrk til Evrópusambandsins til að koma upp „heitum reit“ eins og boðið er upp á.
11. **Beiðni um kalt kar við sundlaug:** *Samþykkt að fela sveitarstjóra að skoða málið nánar.*
12. **Ljósleiðari:** *Samþykkt að sækja um styrk til Fjarskiptasjóðs til ljúka ljósleiðaravæðingu dreifbýlisins í sveitarfélaginu.*
13. **Erindi frá Múla - Þorskafrði:** *Samþykkt að vísa erindinu til skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar.*
14. **Mýrartunga, ósk um breytingu á rekstarleyfi:** Lagt fram erindi um breytingu á reksrarleyfi og að leyfið verði fært af nafni Erlu Þórdísar Reynisdóttur yfir á nafn Jens V. Hanssonar. *Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytingarnar.*
15. **Ráðningarsamningur sveitarstjóra og staðgengilslaun:**
Samþykkt að greiða oddvita staðgengislaun vegna starfa hans sem sveitarstjóra að frádregnum oddvitalaunum.
Oddviti vék af fundi undir þessum hluta liðarins.

Sveitarstjóri vék af fundi undir liðnum „Ráðningarsamningur sveitarstjóra“ Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að undirrita fyrirbyggjandi ráðningarsamning við sveitarstjóra.

Mál til kynningar

16. **Staða fjárhagsáætlunar 2019 og 5 ára áætlunar:** Rætt um næstu skref við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 og 5 ára áætlunar.

Önnur mál: Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:55
